

Óbyggðanefnd
Sigmar Aron Ómarsson, framkvæmdastjóri
Borgartúni 29
105 Reykjavík

Reykjavík, 13. október 2023

Aukin krafa ríkisins vegna Múlaafréttar í máli nr. 3/2022 á svæði 11, Austfirðir, o.fl.

Með vísan til 6. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 er óbyggðanefnd hér með tilkynnt um aukna kröfum ríkisins í máli nr. 3/2022 á svæði 11, Austfirðir, vegna Múlaafréttar, n.t.t. að því er varðar svæðið milli Ódáðavatna og vatnaskila um Leirdalshraun.

(i) Aukin krafa ríkisins vegna Múlaafréttar – svæðið á milli Ódáðavatna og vatnaskila um Leirdalsbraun

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins, dags. 25. janúar 2022 og leiðrétt 4. febrúar 2022, er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Múlaafrétt* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er þar sem Innri-Sauðá rennur í Geitdalsá (1). Þaðan er Geitdalsá fylgt þar til hún rennur í Leirdalsá (2) og þaðan í Brattháls (3). Frá Bratthálsi suðvestur á Bratthálsvotn (4), síðan í Líkárvatn (5), þaðan í Ódáðavötn (6) og þaðan á Smjörkolla (7). Frá Smjörkollum í Prívörðuháls (8) og er Axará fylgt þar til Djúpagilsá rennur í hana (9). Þaðan vestur með Djúpagilsá að upptökum á Háups, þar sem vötn falla til Geitdalsár og Axarár (10). Frá Háups í Geitdalsá og er henni fylgt aftur í upphafspunkt.

Gagnkröfur bárust vegna jarðanna Eiríksstaða, Eyjólfssstaða og Víðiness, og Berufjarðar í Berufirði, og vegna Vatnsskóga í Skriðdal.

Þann 7. september sl. komu fram upplýsingar frá Veðurstofu Íslands um vatnaskil á svæðinu, sem óbyggðanefnd hafði aflað. Þegar þær upplýsingar lágu fyrir færðu íslenska ríkið og gagnaðilar ríkisins kröfulínur sínar til samræmis við vatnaskil. Hvað kröfulínu ríkisins varðar var kröfulína á milli punkta nr. 4 og 8 færð til samræmis við vatnaskil. Vísast hér til tölvubréfasamskipta framkvæmdastjóra óbyggðanefndar, undirritaðs og lögmanna gagnaðila í september sl. og bókunar á fundi óbyggðanefndar þann 18. september sl.

Í fyrrgreindri færslu kröfulínu ríkisins að vatnaskilum felst að hluta til aukning á kröfum ríkisins vegna Múlaafréttar, sbr. 6. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Nánar tiltekið er um að ræða færslu á línu sem dregin er um Ódáðavötn, þ.e. frá punkti á vatnaskilum sunnan Ódáðavatna sem merktur er sem punktur (6) á gildandi korti vegna svæðis 3/2022, þaðan í Ódáðavötn og þaðan í Smjörkolla, en í breytingunni felst að þessi lína færst suður að vatnaskilum.

Um rökstuðning fyrir því að ríkinu sé heimilt á grundvelli 6. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 að auka við kröfu sína hvað varðar svæðið milli Ódáðavatna og vatnaskila um Leirdalshraun vísast til eftirfarandi umfjöllunar.

Sú aukning kröfum sem um ræðir er að rekja til þess að nú liggja fyrir upplýsingar frá Veðurstofu Íslands um vatnaskil á svæðinu, sbr. framangreint, sem lágu ekki fyrir þegar krafa ríkisins í málínu var sett fram. Á grundvelli þeirra heimilda sem lágu fyrir við framsetningu kröfum ríkisins var miðað við að merki jarða og annarra svæða á svæðinu miðuðust við vatnaskil. Vegna skorts á upplýsingum um vatnaskil var hins vegar nauðsynlegt að afmarka kröfuggerðina við tiltekin örnefni sem vísað er til í heimildum og sem talin voru vera á vatnaskilum eða nærri þeim. Í kröfum ríkisins var þannig miðað við að suðurmerki kröfusvæðisins

afmörkuðust af línu sem dregin væri um Brattháls, Bratthálsvotn, Líkárvötn, Ódáðavötn, Smjörkolla og Þrívorðuháls. Af nú fyrilliggja upplýsingum um vatnaskil frá Veðurstofu Íslands er ljóst að þau liggja mest megnis norðar en krafa ríkisins og var ríkinu því fært að aðlaga kröfum sínar að vatnaskilum að mestu leyti án þess að auka við hana. Hins vegar liggur nú jafnframt fyrir að vatnaskil liggja að hluta til sunnar en gert var ráð fyrir í kröfum ríkisins, að því leyti sem þar var miðað við að lína væri dregin í Ódáðavötn og þaðan í Smjörkolla. Er nú ljóst að þau vatnaskil liggja sunnar, þ.e. um Leirdalshraun og þaðan um Smjörkolla.

Með vísan til þessa, og þeirra breytinga sem nú þegar hafa verið gerðar á kröfum ríkisins og kröfum gagnaðila m.t.t. vatnaskila, er að mati ríkisins ekki unnt að líta svo á að það verði metið ríkinu til vanrækslu að hafa ekki miðað kröfugerð sínar í upphafi við vatnaskil eins og Veðurstofa Íslands afmarkar þau nú. Í þessu sambandi er einnig bent á, sbr. framangreint, að leyst hefur verið úr ágreiningi ríkisins og gagnaðila vegna jarða í Berufirði á grundvelli vatnaskilalínu Veðurstofu Íslands, auk þess sem gagnaðili vegna Vatnsskóga hefur aðlagað kröfulínu sínar að sömu vatnaskilulínu. Af þessu er ljóst að allir þeir sem telja sig eiga hagsmunu að gæta á kröfusvæðinu eða gagnvart því eru sammála um að rétt sé að miða við vatnaskil.

Að því er varðar það skilyrði 6. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, að aukin krafa ríkisins seinki ekki málsmeðferð um of að mati óbyggðanefndar, er bent á að gagnaóflun í málínu er ekki lokið, greinargerðarfrestir hafa ekki verið ákvarðaðir og dagsetning aðalmeðferðar ekki verið fastsett. Er því ekki unnt að líta svo á að aukin krafa ríkisins seinki málsmeðferð svo nokkru nemi, jafnvel þótt tekið sé tillit til kröfulýsingarfrests samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laganna. Má í þessu sambandi telja ólíklegt að nýjar kröfur komi fram gagnvart aukinni kröfum ríkisins, þegar horft er til þess að hin aukna krafa tekur til svæðis sem fellur innan kröfugerðar gagnaðila vegna Vatnsskóga og að gagnaðilar vegna jarða í Berufirði lýstu kröfum að vatnaskilum.

Til viðbótar þykir rétt að benda á að ákveðin hætta er á því, að mati ríkisins, að ef hin aukna krafa telst ekki komast að nú, þá þurfi að taka svæðið síðar til meðferðar á grundvelli 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Með vísan til framangreinds er hér með farið fram á óbyggðanefnd heimili að hin aukna krafa, sem tekur til svæðisins á milli Ódáðavatna og vatnaskila um Leirdalshraun, komi til úrlausnar samkvæmt 6. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

(ii) *Aðlögun kröfulína að vatnaskilum að öðru leyti*

Auk framangreinds hefur ríkið fært kröfulínu sínar vegna kröfusvæðisins Múlafréttar, á milli punkta nr. 3 og 4, að vatnaskilalínu Veðurstofu Íslands. Hið sama á við um kröfulínu vegna kröfusvæðisins Búðartungna, á milli punkta nr. 3 og 4 samkvæmt korti, og vegna kröfusvæðisins Hamarsbóta, að því leyti sem það kröfusvæði er aðliggjandi kröfusvæðunum vegna Múlafréttar og Búðartungna. Er þetta gert að höfðu samráði við lögmann gagnaðila vegna Hamars á kröfusvæði ríkisins vegna Hamarsbóta í mál nr. 4/2022. Að því marki sem unnt er að líta svo á að í þessum tilfærslum kröfulína felist aukin krafa ríkisins í skilningi 6. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, vísast um rökstuðning fyrir aukinni kröfum til framangreinds, sem á hér við að breyttu breytanda.

(iii) *Uppfærð textalýsing kröfum ríkisins*

Til skýringar þykir rétt að uppfæra textalýsingum kröfum ríkisins vegna Múlafréttar og Búðartungna til samræmis við framangreindar tilfærslur m.t.t. vatnaskila. Að svo stöddu þykir ekki ástæða til að uppfæra textalýsingum kröfum ríkisins vegna Hamarsbóta.

Juris

Uppfærð textalýsing kröfu vegna Múlafréttar hljóðar svo:¹

Upphafspunktur er þar sem Innri-Sauðá rennur í Geitdalsá (1). Þaðan er Geitdalsá fylgt þar til hún rennur í Leirdalsá (2) og eftir Leirdalsá og í vatnaskil (3). Þaðan er vatnaskilum fylgt í Þrívörðuháls (8) og er Axará fylgt þar til Djúpagilsá rennur í hana (9). Þaðan vestur með Djúpagilsá að upptökum Háups, þar sem vötn falla til Geitdalsár og Axarár (10). Frá Háups í Geitdalsá og er henni fylgt aftur í upphafspunkt.


Uppfærð textalýsing kröfu vegna Búðartungna hljóðar svo:²

Upphafspunktur er þar sem Innri-Sauðá rennur í Geitdalsá (1) og er Innri-Sauðá fylgt að upptökum (2). Þaðan í hápunkt Hornbrynu á svæðismörkum (3) og suður eftir svæðismörkum að vatnaskilum (4). Vatnaskilum er fylgt að kröfusvæði ríkisins vegna Múlafréttar (5) og þaðan í Leirdalsá (6) sem er fylgt þar til hún rennur í Geitdalsá (7) og eftir Geitdalsá í upphafspunkt.

Verði ekki fallist á að ríkinu sé heimilt að auka við kröfu sína hvað varðar svæðið á milli Ódáðavatna og vatnaskila í Leirdalshrauni, eða að öðru leyti, sbr. framangreint, er áskilinn réttur til að uppfæra textalýsingu krafna með tilliti til þess. Að öðru leyti er áskilinn réttur til að uppfæra textalýsingu krafna ríkisins til skýringar og eftir því sem tilefni telst til.

Virðingarfyllst,

f.h. íslenska ríkisins


Andri Andrason, lögmaður

¹ „Upphafspunktur er þar sem Innri-Sauðá rennur í Geitdalsá (1). Þaðan er Geitdalsá fylgt þar til hún rennur í Leirdalsá (2) og eftir Leirdalsá og í vatnaskil þaðan í Brattháls (3). Þaðan er vatnaskilum fylgt Frá Bratthálsi suðvestur á Bratthálsvötn (4), síðan í Líkárvatn (5), þaðan í Ódáðavötn (6) og þaðan á Smjörkella (7). Frá Smjörkollum í Þrívörðuháls (8) og er Axará fylgt þar til Djúpagilsá rennur í hana (9). Þaðan vestur með Djúpagilsá að upptökum Háups, þar sem vötn falla til Geitdalsár og Axarár (10). Frá Háups í Geitdalsá og er henni fylgt aftur í upphafspunkt.“

² Með breytingum: „Upphafspunktur er þar sem Innri-Sauðá rennur í Geitdalsá (1) og er Innri-Sauðá fylgt að upptökum (2). Þaðan í hápunkt Hornbrynu á svæðismörkum (3) og suður eftir svæðismörkum að vatnaskilumá Bratthálsvötn (4). Vatnaskilum er fylgt að kröfusvæði ríkisins vegna Múlafréttar Þaðan í há Brattháls (5) og frá Bratthálsi og þaðan í Leirdalsá (6) sem er fylgt þar til hún rennur í Geitdalsá (7) og eftir Geitdalsá í upphafspunkt.“